



**EX**periential **TO**urism for sustainable **R**ural development

**WP2:** Fyrirmyndir og fræðsluþarfir í verk- og starfsnámi  
fyrir ferðapjónustu í dreifbýli

**A2.3:** Hönnun sameiginlegs ramma fyrir endurnýjun VET í ferðapjónustu í  
dreifbýli

## **SAMEIGINLEGUR RAMMI STARFSNÁMS FERÐAÞJÓNUSTU Í DREIFBÝLI**



Co-funded by  
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

## Efnisyfirlit

Inngangur	3
EXTOR verkefnið .....	3
Sameiginlegur Rammi starfsnáms (VET) í ferðþjónustu í dreifbýli .....	3
Lykilstefnur ESB tengdar EXTOR verkefninu	4
1. The European Green Deal .....	4
2. The Common Agricultural Policy (CAP) .....	4
3. European Skills Agenda .....	4
4. Stefna ESB í ferðþjónustu .....	5
5. Digital Education Action Plan .....	5
Sjálbærnimarkmið í ferðþjónustu	6
Þróun ferðþjónustu, stöðu- og þarfagreining samstarfslanda	7
Viðtöl við frumkvöðla og fagaðila í ferðþjónustu í dreifbýli .....	7
Rýnihópar fræðsluáðila í starfsnámi og -þjálfun (VET) .....	7
EXTOR Starfsþjálfunin	9
NP1 – Ferðþjónusta í dreifbýli: Lykilfærni og áskoranir í nærumhverfi og í Evrópu .....	9
Námsmarkmið .....	10
Kennslufyrirkomulag .....	10
NP2 – Sjálbær ferðþjónusta: Í átt að hæglætis og nærandi ferðþjónustu .....	10
Námsmarkmið .....	10
Kennslufyrirkomulag .....	11
NP3 – Starfshættir í vistferðamennsku (Ecotourism) .....	11
Námsmarkmið .....	11
Kennslufyrirkomulag .....	11
NP4 - Stafræn markaðsetning og rafræn viðskipti .....	12
Námsmarkmið .....	12
Kennslufyrirkomulag .....	12
NP5 – Kynningarmyndbönd: Grunnfærni .....	13
Námsmarkmið .....	13
Kennslufyrirkomulag .....	13
NP6 - Stuðningur frá Evrópusambandinu og tækifæri fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki .....	14
Námsmarkmið .....	14
Kennslufyrirkomulag .....	14
Samantekt	15
Heimildir	16

## Inngangur

### EXTOR verkefnið

Verkefnið „*The Experiential Tourism for Sustainable Rural Development*“ (EXTOR) miðar að því að stuðla að sjálfbærri þróun og hagvexti í dreifbýli með því að efla nærandi og umhverfisvæna ferðaþjónustu. Lögð er áhersla á að styrkja færni frumkvöðla í dreifbýli, stuðla að tengslamyndun og auka hæfni í stafrænni markaðssetningu og stjórnunarkerfum. Jafnframt er markmiðið að efla færni fræðsluaðila og auka framboð á starfsnám- og -þjálfun.

### Sameiginlegur Rammi starfsnáms (VET) í ferðaþjónustu í dreifbýli

Sameiginlegur rammi fyrir starfsnám byggir á þróun ferðaþjónustu í dreifbýli og niðurstöðum þarfagreiningar verkefnisins. Til að safna gögnum um þróun ferðaþjónustu og starfsnám- og þjálfun í dreifbýli á Ítalíu, Spáni, Kýpur, Austurríki, Grikklandi og Íslandi, voru tekin viðtöl við 124 aðila, þar á meðal frumkvöðla og fagfólk í ferðaþjónustu í dreifbýli, sem og við 36 fræðsluaðila í ferðaþjónustu.

Hluti rannsóknarinnar fólst í því að greina og setja fram fyrirmyndir eða dæmisögur um nærandi ferðaþjónustu í dreifbýli frá samstarfslöndunum. Í dæmisögnum er fjallað um græna og sjálfbæra starfshætti, sérstöðu, styrkleika og stafrænivæðingu fyrirtækjanna. Alls eru kynntar 19 fyrirmyndir um sjálfbæra og nærandi ferðaþjónustu í dreifbýli, sem má nálgast á gagnvirka [EXTOR kortinu](#). Kortið miðar að því að efla þekkingaryfirfærslu í ferðaþjónustu innan Evrópu.

Að auki voru viðtöl við fagfólk í ferðaþjónustu á landsbyggðinni lykilatriði til að greina þörf fyrir verk- og starfsþjálfun, hagsmuni og til að safna hugmyndum um umbætur. Staðið var fyrir rýnihópum með starfsmenntunaraðilum til að safna upplýsingum um framboð á starfsnámi- og þjálfun og mismunandi fræðsluþörfum í hverju landi. Skrifborðsrannsóknir í samstarfslöndunum tóku saman lykilupplýsingar, þar á meðal um lagaumhverfi, stuðningsaðgerðir og fjármögnunartækifæri. Ítarlegar upplýsingar um þarfagreininguna, aðferðafræðina og niðurstöðurnar má finna í samanburðarskýrslu verkefnisins.

Niðurstöður rannsóknarinnar mynda grunninn að sameiginlegum ramma fyrir starfsnám í ferðaþjónustu í dreifbýli, með það að markmiði að mæta betur þörfum frumkvöðla og fagfólks í geiranum. Ramminn kynnir einnig námsskrá EXTOR sem er hönnuð til að efla hæfni frumkvöðla og fagfólks í dreifbýli með sérsniðinni þjálfun. Þessi þjálfun tekur mið af skilgreindum þörfum og er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu í dreifbýli og styðja við byggðapróun.

Auk þess að taka mið af stefnu ESB og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er lögð áhersla á að tengja afurðir verkefnisins við áherslur ESB um byggðapróun, sjálfbæra ferðaþjónustu og færniþróun. Ramminn styður við breiðari viðleitni ESB með því að stuðla að sjálfbærum vexti, samfélagsþátttöku og færniuppbyggingu í ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

## Lykilstefnur ESB tengdar EXTOR verkefninu

Markmið EXTOR-verkefnisins samræmast stefnu ESB um umhverfisvernd og baráttu gegn loftslagsbreytingum auk þess að styðja við markmið um aukinn sveigjanleika og aðlögun starfs- og verknáms að þörfum vinnumarkaðarins. Nokkrar stefnur ESB styðja þessi markmið verkefnisins, þar á meðal þær sem stuðla að sjálfbærum starfsháttum, byggðapróun, færniþróun, símenntun og innleiðingu stafrænna verkfæra. Þessar stefnur ESB eru:

### 1. The European Green Deal<sup>1</sup>

The European Green Deal er samningur ESB um að takast á við loftslagsbreytingar og umhverfisáskoranir sem miðar að því að breyta Evrópu í samkeppnishæft og sjálfbært hagkerfi. Samningurinn miðar að því að núllstilli losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2050, aftengja hagvöxt frá auðlindanotkun og tryggja að enginn sé skilinn eftir. Helstu markmiðin eru að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda og gróðursetja 3 milljarða trjáa í ESB fyrir árið 2030. Ferðapjónustan getur hjálpað til við að uppfylla markmið samningsins um loftslagshlutleysi fyrir árið 2050 þar sem hún stuðlar að 8% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Hún getur sýnt frumkvæði í innleiðingu á sjálfbærum starfsháttum, stuðlað að vistvænum samgöngum, ábyrgri stjórnun auðlinda og upptöku á endurnýjanlegum orkugjöfum í ferðapjónustu.

### 2. The Common Agricultural Policy (CAP)<sup>2</sup>

*The Common Agricultural Policy* (CAP), eða landbúnaðarstefna ESB, er lykilstefna sem leggur grunninn að byggðapróun og sjálfbærni í landbúnaði. CAP byggir á tveimur meginstoðum og skapar stuðningsumhverfi sem miðar að því að stuðla að bæði hagkvæmni og umhverfisábyrgð. „Fyrsta stoðin“ styður við tekjuöflun og markaðsmál í landbúnaði, en „önnur stoðin“ beinist að byggðapróun í gegnum markviss byggðapróunarverkefni. CAP gegnir lykilhlutverki í því að tryggja sjálfbærann vöxt dreifbýlissvæða og miðar að þremur langtímamarkmiðum:

1. Að bæta samkeppnishæfni landbúnaðar og skógræktar.
2. Að stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og vinna að loftslagsaðgerðum.
3. Að styðja við byggðapróun með því að efla staðbundin hagkerfi og atvinnuþróun.

### 3. European Skills Agenda<sup>3</sup>

*The European Skills Agenda* er fimm ára áætlun um færniþróun sem miðar að því að byggja upp seiglu, umhverfisvernd, sjálfbærni, stafrænivæðingu og inngildingu. Áætlunin er byggð upp í kringum fjögur lykilsvið: Hið fyrra beinist að því að efla samstarfsaðgerðir. Í öðru lagi er lögð áhersla á að þróa rétta færni fyrir störf, þar á meðal þá sem þarf fyrir grænu og stafrænu umskiptin sem eru nauðsynleg fyrir nútíma vinnuafli. Sá þriðji skapar nýstárleg verkfæri fyrir símenntun svo sem stafræna vettvang og viðurkenningarkerfi fyrir óformlegt nám. Það fjórða miðar að því að bæta umgjörð sem gerir kleift að opna fjárfestingar í færni frá bæði aðildarríkjum og einkageiranum.

<sup>1</sup> European Commission (n.d.). The European Green Deal. [https://commission.europa.eu/strategy-and-policy/priorities-2019-2024/european-green-deal\\_en](https://commission.europa.eu/strategy-and-policy/priorities-2019-2024/european-green-deal_en)

<sup>2</sup> European Commission (n.d.). Rural Development. [https://agriculture.ec.europa.eu/common-agricultural-policy/rural-development\\_en](https://agriculture.ec.europa.eu/common-agricultural-policy/rural-development_en)

<sup>3</sup> European Commission. (n.d.). European Skills Agenda. <https://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=1223>

*The European Skills Agenda* er fimm ára áætlun um færniþróun sem miðar að því að efla seiglu, umhverfisvernd, sjálfbærni, stafrænivæðingu og inngildingu. Áætlunin byggist á fjórum lykilsviðum:

1. Efla samstarf og samhæfðar aðgerðir milli lykilaðila.
2. Byggja upp færni fyrir störf, þar á meðal færni sem er nauðsynleg fyrir græn og stafræn umskiptin á vinnumarkaði.
3. Kynnir aðferðir og opið menntaefni í símenntun og starfsþjálfun svo sem stafræna vettvanga og viðurkenningar fyrir óformlegt nám.
4. Umgjörð sem styður við fjárfestingar í færni, bæði frá opinberum aðilum og einkageiranum.

#### 4. Stefna ESB í ferðaþjónustu<sup>4</sup>

Ferðamálastefna ESB leitast við að styrkja stöðu Evrópu sem áfangastað og á sama tíma að stuðla að sjálfbærni í tengslum við umhverfisvernd og samfélagsþróun. Lykilmarkmið eru meðal annars að efla hlutverk ferðaþjónustunnar í að stuðla að hagvexti og atvinnuþróun, efla samstarf milli aðildarríkja og gera Evrópu að áhugaverðum áfangastað ferðamanna. Verkefnið *The transition pathway for tourism* sem hleypt var af stokkunum í febrúar 2022, markar ákveðin þáttaskil með því að setja fram 27 lykilaðgerðir sem miða að því að auka seiglu og styðja græna og stafræna umbreytingu ferðaþjónustunnar. *European agenda for tourism 2030* sem samþykkt var Evrópuráðinu í desember 2022, er aðgerðaáætlun ESB og hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu. Nánari upplýsingar má finna:

- [Green transition of tourism](#)
- [Digital transition of tourism](#)

#### 5. Digital Education Action Plan<sup>5</sup>

*The Digital Education Action Plan (2021-2027)* áætlunin miðar að því að styðja aðildarríki við að laga menntun og starfsþjálfun að stafrænum kröfum nútímans. Aðgerðaáætlunin hvetur til aukinnar samvinnu innan Evrópu til að bregðast við áskorunum og nýta tækifæri sem COVID-19 heimsfaraldurinn dró fram. Hún stefnir að því að skapa nýjan vettvang fyrir kennara, nemendur, hagaðila og rannsakendur, bæði á landsvísu, innan Evrópu og á alþjóðavettvangi. Eitt af lykilforangangsverkefnum áætlunarinnar, „Að auka stafræna færni og hæfni fyrir stafræna umbreytingu,“ felur í sér ýmsar aðgerðir, þar á meðal:

- Að þróa sameiginlegar viðmiðunarreglur fyrir kennara og leiðbeinendur til að efla stafrænt læsi og sporna gegn falsfréttum með menntun og starfsþjálfun.
- Að uppfæra Evrópska Hæfnirammann til að taka mið af framþróun í gervigreind og nýjum stafrænum tækifærum til náms.

<sup>4</sup> European Commission (n.d.). *Overview of EU tourism policy*. [https://single-market-economy.ec.europa.eu/sectors/tourism/policy-overview\\_en](https://single-market-economy.ec.europa.eu/sectors/tourism/policy-overview_en)

<sup>5</sup> European Commission (2020). *Digital Education Action Plan 2021-2027: Resetting education and training for the digital age*. Retrieved from <https://education.ec.europa.eu/focus-topics/digital-education/action-plan>

## Sjálbærnimarkmið í ferðaþjónustu<sup>6</sup>

**Heimsmarkmið 2030 um sjálfbæra þróun** skuldbinda allar þjóðir til að vinna að því að ná 17 markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG). Þau miða að því að útrýma sárri fátækt, draga úr ójöfnuði og óréttlæti og bregðast við loftslagsbreytingum fyrir árið 2030. Ferðaþjónustan getur stutt beint eða óbeint við þessi jákvæðar breytingar en þau markmið sem tengjast ferðaþjónustu og EXTOR-verkefninu eru eftirfarandi:

**Heimsmarkmið 12: Ábyrg neysla og framleiðsla:** Ferðaþjónustan þarf að innleiða sjálfbæra starfshætti. Þetta felur meðal annars í sér að innleiða mælikvarða og fylgjast með áhrifum greinarinnar á sjálfbærni, s.s. varðandi orku- og vatnsnotkun, endurvinnslu, líffræðilega fjölbreytni og atvinnusköpun. Í samræmi við heimsmarkmið 12 og væntingar ferðafólks eftir COVID-19 um öruggari, hreinni og grænni lausnir, styður EXTOR verkefnið við umhverfsvæna sjálfbæra starfshættir í ferðaþjónustu. Áherslan er á að nýta náttúru- og menningararfleifð dreifbýlis er kemur að því að þróa starfs- og verknám.

**Heimsmarkmið 4: Menntun fyrir alla:** Ferðaþjónustan getur stuðlað að auknu framboði á starfs- og verknámi og stutt við inngildingu. Hæft starfsfólk er lykilforsenda fyrir vöxt greinarinnar, en EXTOR-verkefnið miðar að því að auka framboð á verk- og starfsmenntun og laga það að þörfum ferðaþjónustu í dreifbýli. Með þessu leggur verkefnið sitt af mörkum til Heimsmarkmiðs 4: Menntun fyrir alla. Verkefnið stefnir einnig að því að efla seiglu og samfélagsþróun í dreifbýli með því að nýta staðbundnar auðlindir og þjálfna færni sem tengist stafrænni stjórnun og markaðssetningu. Þannig styður EXTOR við sjálfbæra þróun og framtíð ferðaþjónustu í dreifbýli.

**Heimsmarkmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur:** Ferðaþjónustan skapar fjölbreytt atvinnutækifæri og stendur fyrir 10% af störfum á heimsvísu. Til að hámarka jákvæð félags- og efnahagsleg áhrif er mikilvægt að stuðla að atvinnusköpun í greininni. EXTOR styður við heimsmarkmið 8, stefnu ESB um inngildingu og fullorðinsfræðslu (2021-2030) með því að auðvelda aðgengi að þjálfun og stuðla að aukinni atvinnuþátttöku í dreifbýli.

Tæplega 30% íbúa ESB búa í dreifbýli (samkvæmt *long-term vision for EU's rural area*), sem takmarkar aðgengi að verknámi, starfsþjálfun og atvinnutækifærum. EXTOR miðar að því að draga úr þessum takmörkunum með því að vekja athygli á og þróa blandað nám sem geta stutt við atvinnusköpun. Verkefnið hvetur íbúa og ungt fólk á landsbyggðinni til nýsköpunar og þróunar í þágu samfélagsins.

Aðeins með áherslu á sjálfbæra starfshætti og stuðning við smærri fyrirtæki, samanber áherslur ESB um sjálfbæra ferðaþjónustu, er hægt að vinna gegn félagslegum ójöfnuði og tryggja sjálfbærni.

<sup>6</sup> UNWTO (2020). *Tourism for SDGs* <https://tourism4sdgs.org/>

## Þróun ferðapjónustu, stöðu- og þarfagreining samstarfslanda

### Viðtöl við frumkvöðla og fagaðila í ferðapjónustu í dreifbýli

Rannsóknirnar sem gerðar voru með frumkvöðlum og fagaðilum í ferðapjónustu á landsbyggðinni á Ítalíu, Spáni, Kýpur, Austurríki, Grikklandi og Íslandi varpa ljósi á áskoranir innan greinarinnar.

- **Fjármögnun** var áskorun fyrir frumkvöðla í öllum samstarfslöndum, margir reiddu sig á nær eingöng á eigin fjármögnun við stofnun og rekstur fyrirtækja sinna. Bankalán voru algeng til að fjármagna fyrirtæki sérstaklega á Íslandi og Spáni, þar sem frumkvöðlar höfðu takmarkað aðgengi að styrkjum auk þess sem þeir upplifðu að umsóknarferlar væru flóknir. Sumum tókst að tryggja styrki frá ESB eða innlendum aðilum, einkum á Ítalíu, Spáni og Grikklandi. Vitund og þekking á fjármögnunarleiðum var misjöfn eftir löndum. Frumkvöðlar á Ítalíu og Grikklandi höfðu almennt betri þekkingu á slíkum tækifærum samanborið við frumkvöðlar á Íslandi, í Austurríki og á Kýpur.
- **Takmarkað framboð á starfsþjálfun sniðinni að ferðapjónustu á landsbyggðinni** var áskorun í öllum samstarfslöndum. Margir lýstu yfir miklum áhuga á starfsþjálfun í tengslum við stafræna markaðssetningu og stjórnun og sjálfbæra ferðapjónustu. Mikil eftirspurn var eftir starfsþjálfun í stafrænivæðingu, einkum á Spáni, Kýpur og í Grikklandi, þar sem frumkvöðlar höfðu áhuga á að bæta við sig þekkingu á rafrænum viðskiptum og markaðssetningu á samfélagsmiðlum og í gerð markaðsefnis. Þrátt fyrir þennan áhuga var almennt lítil vitund um þá starfsþjálfun sem var til staðar. Í Grikklandi og á Kýpur var innan við helmingur svarenda meðvitaður um núverandi framboð starfsþjálfunnar, á meðan frumkvöðlar í Austurríki og á Íslandi voru betur upplýstir en bentu jafnframt fram á gloppur í framboði og aðgengi að starfsþjálfun.
- **Samfélagþátttaka** hafði áhrif á árangur ferðapjónustufyrirtækja í dreifbýli í öllum löndum. Á Spáni, Ítalíu og Kýpur lögðu frumkvöðlar áherslu á mikilvægi þess að vinna náið með nærsamfélaginu til að skapa ósvikna og menningarlega upplifun fyrir ferðamenn. Í löndum eins og Ítalíu og Kýpur var unnið markvisst að því að virkja samfélög til sjálfbærra starfshátta, meðal annars í gegnum vinnustofur og landbúnaðarferðapjónustu. Á Íslandi og í Austurríki bentu frumkvöðlar hins vegar á takmarkaða samfélagsþátttöku sem sérstaka áskorun, sérstaklega í afskekktum byggðalögum.
- **Ófullnægjandi innviðir og fólksfækkun** í dreifbýli reyndust vera hindrun í öllum löndum. Fólksfækkun á landsbyggðinni var sérstakt áhyggjuefni í Austurríki, á Kýpur og í Grikklandi, þar sem frumkvöðlar áttu erfitt með að finna hæft starfsfólk. Búferlaflutningar ungs fólks úr dreifbýli, ásamt takmörkuðu aðgengi að faglærðu starfsfólki, skapaði alvarlegar áskoranir fyrir ferðapjónustuna. Fagfólk deildi þessum áhyggjum, sérfræðingar á Spáni og í Grikklandi bentu á að fólksfækkun ylli skorti á sérhæfðu starfsfólki. Fagaðilar í Austurríki bentu á að lág laun og skortur á virðingu fyrir störfum í ferðapjónustu væru letjandi fyrir atvinnuleitendur. Þessar hindranir ógnuðu bæði sjálfbærni og vexti ferðapjónustu í dreifbýli.

### Rýnihópar fræðsluaðila í starfsnámi og -þjálfun (VET)

#### Starfsþjálfun (VET) í boði:

- Framboð á starfsnámm fyrir ferðapjónustu í dreifbýli var til staðar í flestum löndum nema á Spáni og Kýpur, þar sem slík starfsnám var almennara og ekki sniðið að þörfum ferðapjónustu í dreifbýli.
- Á Íslandi var framboð á starfsþjálfun tilfallandi, áhersla var lögð á þjálfun tengda markaðssetningu. Skortur var á formlegri starfsmenntun með áherslu á færniuppbyggingu í tengslum við stjórnun og þjónustu. Eftirspurn var eftir námskeiðum á þessum sviðum frá ferðapjónustufyrirtækjum.
- Settar höfðu verið fram **áætlanir um starfsnám með áherslu á sjálfbæra starfshætti** í öllum samstarfslöndum nema á Spáni og Íslandi. Á Kýpur kom fram að sumir fræðsluaðilar bjóða upp á þjálfun í innleiðingu sjálfbærra starfshátta fyrir hótél og víngerðir. Takmarkað framboð var á starfsnámi tengdu landbúnaðarferðamennsku, þó einhver fræðsla sé í boði með stuðningi ráðuneyta og opinberra stofnana. Í Austurríki og Grikklandi voru svipaðar starfsþróunaráætlanir nefndar með áherslu á græna starfshætti. Á Ítalíu voru einnig nefnd námskeið tengd stjórnun og upplýsingatækni (UT). Í Grikklandi eru námsframboð oft hluti af víðtækari starfsmenntun, á Spáni var bent á starfsnám fyrir fararstjóra.
- **Tækifæri til starfsþróunar fyrir fagfólk** í ferðapjónustu í dreifbýli voru takmörkuð. Þátttakendur á Ítalíu bentu á skort á sérhæfðri þjálfun, sérstaklega á Sikiley. Á Kýpur nefndu svarendur á almennt starfsnám í ferðapjónustu og skort á þjálfun sem væri sérsniðin að þörfum ferðapjónustu í dreifbýli. Í Austurríki var bent á ferðapjónustuskóla, fullorðinsfræðsluaðila og fyrirtæki sem bjóða upp á starfsþjálfun með stuðningi ferðamálasamtaka.
- **Gloppur í námsframboði til ferðapjónustu í dreifbýli:** Á Ítalíu, Kýpur og Austurríki var bent á skort starfsþjálfun um sjálfbæra starfshætti, ófullnægjandi stuðning og uppbyggingu starfsnáms, skort á tækniþekkingu og stafrænni hæfni. Þó einhver starfsþjálfun sé til staðar á Ítalíu var hún ekki aðlöguð að sértækum þörfum fagfólks. Á Spáni var bent á takmarkað framboð og nýsköpun í starfsþjálfun og takmarkaða aðkomu sveitarfélaga að þróun og framkvæmd starfsnáms.

#### Viðleitni sveitarfélaga í að kynna ferðapjónustu í dreifbýli:

- Þátttakendur frá Ítalíu, Kýpur og Austurríki nefndu ýmsar upplýsinga- og fræðsluherferðir, svo sem málstofur um ferðapjónustu í dreifbýli, uppbyggingu innviða, kynningu á stefnumótun og gerð kynningarefnis.
- Á Ítalíu bentu sumir þátttakenda á áhuga sveitarfélaga á að efla samvinnu og tengslanet á staðnum, en aðrir héldu því fram að lítil sem ekkert væri gert.
- Á Íslandi leggja lands- og sveitarfélög áherslu á að efla ferðapjónustu í dreifbýli með stefnu sem styður uppbyggingu innviða og smærri ferðapjónustufyrirtæki. Þó aukin fjármögnun til starfsþjálfunar sé nauðsynleg er áskorun að laga námskeiðin að ólíka þörfum fyrirtækja.
- Í Grikklandi gefa sveitarfélög og verslunarráð reglulega út upplýsingaefni og birta greinar til að styðja við ferðapjónustu í dreifbýli. Á Spáni var talað um skort á stefnu og takmörkuð gæði markaðsstarfs byggðarlaga. Þá þyrfti að gera bæta innviði sérstaklega í tengslum við vegakerfi og flutninga.



### Tillögur að úrbótum:

- Þátttakendur frá Ítalíu og Austurríki kölluð eftir auknu samstarfi atvinnugreina um uppbyggingu starfsnáms og -þjálfunar í dreifbýli sem og samstarfi milli fræðslu- og ferðaþjónustuaðila. Mikilvægt væri að skapa aukin tækifæri til faglegrar þróunar.
- Á Kýpur og Ítalíu var lögð áhersla á að auka opinberan stuðning við markaðsstarf.

Niðurstöðurnar benda til þess að þörf sé á að endurnýja og bæta starfsmenntun til að mæta þörfum frumkvöðla og fagfólk í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Með því að efla starfsnám getur atvinnugreinin mætt þörfum fagfólks og ferðamanna og stuðlað að sjálfbærum vexti. EXTOR vill leggja sitt af mörkum til að ná þessu markmiði með færniuppbyggingu og sérsniðinni starfsþjálfun í ferðaþjónustu sem miðar að þörfum ferðaþjónustu í dreifbýli.

## EXTOR Starfsþjálfunin

EXTOR þjálfuninni er ætlað að mæta þörfum ferðaþjónustu í dreifbýli fyrir starfsmenntun, með námsefni og aðferðum sem stuðla að færniþróun og er í takt við þarfir hagaðila og samfélagsins. Markmiðið er færniuppbygging starfsmanna og að stuðla að innleiðingu umhverfisvænna starfshátta og dýpka skilning þátttakenda á áskorunum og tækifærum ferðaþjónustu í dreifbýli í Evrópu.

Starfsþjálfuninni er ætlað að bæta samkeppnishæfni frumkvöðla á landsbyggðinni, efla stafræna færni og stuðla að grænum starfsháttum samhliða því að stuðla að tengslamyndun og vinna gegn fólksfækkun. Jafnframt er markmiðið að stuðla að aukinni nýsköpun meðal fræðsluaðila, auknu námsframboði sem mætir þörfum atvinnulífs og samfélags. Lögð er áhersla á að bjóða upp á blandaðar námsleiðir til að bæta aðgengi og stuðla að þátttöku fólks í dreifbýli.

Námið verður prófað með markhópnum og í kjölfarið aðlagð að þörfum þeirra samhliða því að stuðla að tengslamyndun milli ferðaþjónustufyrirtækja og hagaðila í samstarfslöndunum. Fræðsluaðilar geta nýtt afurðir EXTOR verkefnisins s.s. kennsluleiðbeiningar og tillögur að námsframboði.

Hægt verður að nálgast menntaefni **EXTOR á námsvefnum** á ensku, ítölsku, spænsku, grísku, þýsku, íslensku og frönsku. Menntaefnið samanstendur af 6 námsþáttum (NP), 40 klst. staðarnám og sjálfsnám sem samsvarar Evrópska færniramma á fjórða færniþrepi EQF 4.

Eftirfarandi er yfirlit yfir námsþætti með lýsingu á umfangi, námsmarkmiðum, færni- og hæfniviðmiðum.

### NP1 – Ferðaþjónusta í dreifbýli: Lykilfærni og áskoranir í nærumhverfi og í Evrópu

Markmið þessa námsþáttar er að veita fræðilega innsýn í þarfir og áskoranir ferðaþjónustu í dreifbýli sérstaklega eftir COVID-19 og hlutverk hennar í staðbundnu efnahagslífi, atvinnusköpun og umhverfislegri sjálfbærni. Námsþátturinn fjallar einnig um áskoranir eins og lélega innviði, árstíðabundna eftirspurn, umhverfiskvíða og áskoranir í markaðssetningu. Hér má finna námsefni, sjálfsmat og æfingar sem styðja við nám. Námsþátturinn undirstrikar mikilvægi ferðaþjónustu í samfélagsþróun í dreifbýli.

### Námsmarkmið

Markmið þessa námsþáttar er að veita yfirgrípsmikinn skilning á ferðaþjónustu í dreifbýli með því að skilgreina tækifæri, áskoranir og áhrifaþætti sem stuðla að vexti hennar sem atvinnugreinar.

Nemendur munu öðlast innsýn í grundvallarhugtök ferðapjónustu í dreifbýli, þar á meðal einkenni dreifbýlissvæða, hlutverk sérhæfðrar ferðapjónustu og mikilvægi upplifunarferðapjónustu. Að auki miðar námsþátturinn að því að leggja áherslu á mikilvægi og tengsl samfélagsþróunar við ferðapjónustu með því að skoða lykil áhrifaþætti, ólíkar nálganir og ferli til að greina þarfir og áhugasvið viðskiptavina til að skapa sjálfbær ferðapjónustuverkefni. Að lokum greina nemendur algengar áskoranir sem ferðapjónusta í dreifbýli stendur frammi fyrir bæði á nærumhverfi og alþjóðlega og skoða dæmi um aðferðir sem beita má til að takast á við þessar áskoranir á áhrifaríkan hátt.

## Kennslufyrirkomulag

1. **Kynning á ferðapjónustu í dreifbýli**
  - 1.1. Skilgreiningar
  - 1.2. Tækifæri og áskoranir
  - 1.3. Stefnur og straumar í ferðapjónustu
  - 1.4. Ferðapjónusta í dreifbýli: vaxandi atvinnugrein
2. **Lykilhugtök í ferðapjónustu í dreifbýli**
  - 2.1. Skilgreining á dreifbýli
  - 2.2. Sérhæfð ferðapjónusta
  - 2.3. Upplifunarferðamennska í dreifbýli
3. **Aðferðir samfélagsvinnu, mikilvægi þarfa- og áhugasviðsgreiningar fyrir ferðapjónustu í dreifbýli**
  - 3.1. Helstu þætti og aðferðir samfélagsvinnu og þróunar
  - 3.2. Mikilvægt að greina áhugasvið og þarfir við þróun á ferðapjónustu í dreifbýli
  - 3.3. Æfing: Skipulagning og hönnun á ferðapjónustu
4. **Algengar áskoranir ferðapjónustu í dreifbýli í samstarfslöndum og Evrópu**
  - 4.1. Áskoranir í nærumhverfi
  - 4.2. Áskoranir í Evrópu
  - 4.3. Aðferðir og dæmi um hvernig má takast á við áskoranir

## NP2 – Sjálfbær ferðapjónusta: Í átt að hæglætis og nærandi ferðapjónustu

Þessi námsþáttur, „*Sjálfbær ferðapjónusta: Í átt að hæglætis og nærandi ferðapjónustu*,“ fjallar um þær grundvallarbreytingar sem eru að eiga sér stað í viðhorfum til sjálfbærni í ferðapjónustu. Hann hefst á því að gefa yfirlit yfir þróun ferðapjónustu og viðleitn alþjóðlegra ferðamálayfirvalda til að efla sjálfbærni í ferðapjónustu. Þá er sjónum beint að *nærandi ferðapjónustu* sem er ný og heildræn nálgun sem lítur á smærri (dreifbýlis) fyrirtæki í ferðapjónustu sem „leiðtoga“ sem leggur áherslu á sjálfbærni fremur en hagvöxt.

## Námsmarkmið

Nemendur fá yfirlit yfir áskoranir tengdar sjálfbærni í ferðapjónustu. Meginmarkmið námsins er að veita ítarlegan skilning á nærandi ferðapjónustu og því sem hún felur í sér. Farið er yfir sögu og þróun sjálfbærrar og ábyrgar ferðapjónustu. Lögð er áhersla á persónuleg gildi og umhverfisgildi sem liggja

til grundvallar skilningi á nærandi ferðapjónustu. Nemendur kynast fyrirmyndum, góðum starfsháttum og aðferðum sem tengjast nærandi ferðapjónustu. Áhersla er lögð á smærri ferðapjónustufyrirtæki og frumkvöðla.

### Kennslufyrirkomulag

1. **Ferðapjónusta á vendipunkti – að leita lausna**
  - 1.1. Inngangur
  - 1.2. Sjálfbær ferðapjónusta
  - 1.3. Ábyrg ferðapjónusta
2. **Ferðalög sem gefa til baka – Grunnildi endurnýjandi ferðapjónustu**
  - 2.1. Hvað er nærandi ferðapjónusta?
  - 2.2. Hæg ferðapjónusta / Jarðbundin ferðapjónusta
  - 2.3. Nærandi ferðapjónusta – Norrænt tilraunaverkefni
  - 2.4. Gagnrýni á nærandi ferðapjónustu
  - 2.5. The First Mile (™) nálgunin – Menntan skiptir máli í sjálfbærri ferðapjónustu
3. **Hagnýt verkfæri til endurnýjunar – innblástur fyrir leiðtoga í ferðapjónustu í dreifbýli**
  - 3.1. Inngangur
  - 3.2. Dæmi um nærandi ferðapjónustu
  - 3.3. Verkfæri fyrir nærandi ferðapjónustu – Þríþætt nálgun (Triple Helix)
  - 3.4. Verkfæri fyrir nærandi ferðapjónustu – Þátttökuvísindi í nærandi ferðapjónustu
  - 3.5. Önnur þátttökuvísindaverkefni
4. **Lífsstílsfrumkvöðlar í ferðapjónustu – talsmenn hægrar þróunar**
  - 4.1. Inngangur: Lífsstílsfrumkvöðlar í ferðapjónustu
  - 4.2. Lífsstílsfrumkvöðlar í ferðapjónustu – hverjir eru þeir?
  - 4.3. Lífsstílsfrumkvöðlar í ferðapjónustu – viðskiptamarkmið og gildi
  - 4.4. Tengsl við staðinn: Umhyggja fyrir náttúru og samfélagi
  - 4.5. Endurnýjun í gegnum nýsköpun: Skapandi nálgun lítilla ferðapjónustufyrirtækja
  - 4.6. Áskorun: Samskiptabil milli lítilla fyrirtækja og ferðapjónustuyfirvalda

### NP3 – Starfshættir í vistferðamennsku (Ecotourism)

Þessi námsþáttur fjallar um meginviðmið sjálfbærrar ferðapjónustu, með áherslu á vistvæna ferðapjónustu, ævintýraferðapjónustu, landbúnaðarferðapjónustu og menningarferðapjónustu. Skoðað er hvernig ferðapjónusta getur stutt við umhverfisvernd, styrkt staðbundin samfélög og veitt ferðamönnum þýðingarmikla upplifun. Lögð er áhersla á ábyrgar ferðavenjur sem draga úr neikvæðum áhrifum en stuðla að vitund, menntun og félagslegum og efnahagslegum ávinningi fyrir samfélagið. Tvinnuð er saman fræðilegri umfjöllun og dæmum til að auðvelda nemendum að skilja hvernig hægt er að samþætta sjálfbærni í ýmsa þætti ferðapjónustunnar.

### Námsmarkmið

Markmið NP3 er að veita nemendum þá þekkingu og færni sem þarf til að innleiða sjálfbæra vistferðamennsku í ýmsum greinum ferðapjónustu í dreifbýli, þar á meðal í íþrótt- og ævintýraferðamennsku, landbúnaðarferðamennsku, bændaferðamennsku og menningartengdri

ferðaþjónustu. Nemendur munu þróa hæfni til að hanna vistvæna upplifun sem stuðlar að staðbundinni náttúruvernd og varðveitir menningararfleifð. Námsþátturinn mun einnig gera þeim kleift að meta sjálfbærni og menningarnæmni í ferðaþjónustustarfsemi og tryggja að starfshættir þeirra virði staðbundin vistkerfi og samfélög.

#### Kennslufyrirkomulag

##### 1. Kynning á vistvænni ferðaþjónustu

- 1.1. Skilgreining á vistvænni ferðaþjónustu
- 1.2. Einkenni/gildi vistvænnar ferðaþjónustu
- 1.3. Ávinningur vistvænnar ferðaþjónustu
- 1.4. Vistvænar ferðaþjónustuaðferðir

##### 2. Íþrótt- og ævintýraferðamennska

- 2.1. Hvað er ævintýraferðamennska?
- 2.2. Hvernig má draga úr áhrifum ævintýraferðamennsku
- 2.3. Notkun umhverfisvænna aðfanga

##### 3. Landbúnaðar- og sveitaferðaþjónusta

- 3.1. Hvað er landbúnaðar- og sveitaferðamennska?
- 3.2. Landbúnaðarvistvæn ferðaþjónusta
- 3.3. Starfsemi tengd landbúnaðarvistvænni ferðaþjónustu (Acro-ecotourism)
- 3.4. Kjarni landbúnaðarvistvænnar ferðaþjónustu

##### 4. Menningarferðamennska

- 4.1. Hvað er menningarferðamennska?
- 4.2. Kostir og gallar menningarferðamennsku
- 4.3. Vistmenningarleg ferðaþjónusta

#### NP4 - Stafræn markaðsetning og rafræn viðskipti

Þessi námsþáttur kynnir mikilvægi stafrænnra markaðssetningar og færni í rafrænum viðskiptum, sérsníðna fyrir ferðaþjónustufyrirtæki í dreifbýli. Nemendur öðlast reynslu af því að hanna og framkvæma stafrænar herferðir með því að nota samfélagsmiðla, vefsíður og rafræn viðskipti til að bæta sýnileika fyrirtækja. NP leggur áherslu á aðgengilegt námsefni sem getur hentað fjölbreyttum markhópum og styður við ferðaþjónustu í dreifbýli.

#### Námsmarkmið

Að auka færni nemenda í stafrænni markaðssetningu og rafrænum viðskiptum er mikilvæg til að auka sýnileika ferðaþjónustufyrirtækja í dreifbýli. Þátttakendur læra að búa til og stjórna herferðum með því að nota samfélagsmiðla, vefsíður og rafræn viðskipti, fínstillta efni til að laða að fjölbreytta markhópa. Námsþátturinn miðlar hagnýtum leiðbeiningum um notkun gervigreindar til að búa til markaðsefni. Nemendur kynnast aðferðum í stafrænni markaðssetningu og rafrænum viðskiptum sem eru aðlagðar að ferðaþjónustu í dreifbýli. Eftir að hafa lokið námsþættinum geta þátttakendur þróað og framkvæmt stafrænar markaðsáætlanir fyrir ferðaþjónustu í dreifbýli.

## Kennslufyrirkomulag

1. **Kynning á stafrænum markaðssetningu og rafrænum viðskiptum í ferðaþjónustu í dreifbýli**
  - 1.1. Inngangur
  - 1.2. Stafræn verkfæri og vettvangar
2. **Hönnun og framkvæmd herferða**
  - 2.1. Markaðssetning á samfélagsmiðlum
  - 2.2. Hámarka virkni vefsíðna
  - 2.3. Samþætting rafrænna viðskipta
3. **3. Aðferðir til hagræðingar á efni**
  - 3.1. Efnissköpun og sögumíði
  - 3.2. Sjónræn framsetning
4. **4. Sjálfbærar aðferðir í stafrænum markaðssetningu**
  - 4.1. Sjálfbær stafræn markaðssetning
  - 4.2. Valkostir tengdir gervigreind í markaðssetningu

## NP5 – Kynningarmyndbönd: Grunnfærni

Þessi námsþáttur veitir nemendum nauðsynlega færni til að búa til grípandi kynningarmyndbönd, sérsníðin fyrir upplifunarferðamennsku og stuðning við sjálfbæra byggðapróun. Farið er yfir frásagnartækni, handritsgerð og myndbandsklippingu og nemendur vinnu stutt myndbönd sem henta fyrir samfélagsmiðla eins og **Instagram Reels** og **YouTube Shorts**.

### Námsmarkmið

**Myndbandagerð fyrir upplifunarferðamennsku** leggur áherslu á að nemendur öðlist þá grunnþekkingu og færni sem þarf til að búa til sannfærandi kynningarmyndbönd í samræmi við sjálfbær gildi ferðaþjónustu í dreifbýli. Nemendur öðlast skilning á frásagnartækni, grunnatriðum handritsgerðar og staðarvals og færni sem þarf til að útbúa stutt myndbönd fyrir samfélagsmiðla. Þeir öðlast reynslu í upptöku, klippingu og notkun gervigreindarverkfæra til að bæta gæði. Í lok námsþáttarins munu nemendur geta skipulagt, framleitt og metið gæði myndbanda á sama tíma og þeir geta samþætt stafrænar markaðsaðferðir til að ná til markhópa á áhrifaríkan hátt.

## Kennslufyrirkomulag

1. **Kynning á frásagnartækni í myndbandsgerð fyrir upplifunarferðamennsku**
  - 1.1. Grunnatriði frásagna og mikilvægi hennar í markaðssetningu ferðaþjónustu.
  - 1.2. Samræma myndbandsefni við markhópa og sjálfbærniþemu.
2. **Nauðsyn handritagerðar fyrir kynningarmyndbönd**
  - 2.1. Að búa til skilaboð sem varpa ljósi á einstaka ferðaþjónustuþætti og sjálfbærni.
  - 2.2. Samþætta sannfærandi tungumál og hnitmiðaða frásagnartækni.
3. **Myndbandssnið og val á vettvangi fyrir birtingu**
  - 3.1. Kröfur um vettvang fyrir samfélagsmiðla (t.d. lengd, snið, stærðarhlutfall).
  - 3.2. Samsvörun myndbandsefnis við staðarval og markhópa.
4. **Kynning á grunntækni við myndbandsupptöku**
  - 4.1. Upptökutækni fyrir farsíma og tökuvélar.

- 4.2. Einfaldar aðferðir til að ná faglegum gæðum með lágmarks búnaði.
5. **Grunnatriði myndvinnslu fyrir samfélagsmiðla**
  - 5.1. Hvernig má bæta við skjátextum og hljóðrásum til að auka áhorf.
  - 5.2. Yfirlit yfir byrjendavænan klippihugbúnað (td Canva Video, CapCut).

NP6 - Stuðningur frá Evrópusambandinu og tækifæri fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki Þessi námsþáttur miðlar þekkingu á fjármögnunartækifærum ESB og stuðningi við lítil og meðalstór fyrirtæki. Nemendur fræðast um viðmið og reglur ESB, þar á meðal tengd sköttum og umhverfismálum, nýsköpun og færniuppbyggingu. Þeir öðlast skilning á umsóknarferlum og fjármögnun ESB, áherslum tengdum sjálfbærni og ferðaþjónustu.

### Námsmarkmið

Markmið þessa námsþáttar er að nemendur geti greint á milli hinna ýmsu fjármögnunaráætlana ESB sem standa til boða fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (SME), þar á meðal Horizon Europe, COSME og Evrópska byggðapróunarsjóðinn (ERDF). Einnig að þeir geti greint lagalegar og reglubundnar kröfur fyrir stofnun og rekstur SME innan ESB, þar með talið skattamál, umhverfisstaðla og öryggisreglur. Viðskiptaáætlun og þróun verður einnig námsmarkmið svo nemendur geti hannað og framkvæmt stefnumótandi viðskiptaáætlun fyrir stofnun eða stækkun sjálfbærs SME í ferðaþjónustu í dreifbýli, þar með talið fjárhagsáætlanir, markaðsrannsóknir og sjálfbærniáðgerðir. Að byggja upp tengslanet með staðbundnum fyrirtækjum, sveitarfélögum og ferðaþjónustustofnunum verður síðasti hluti þessa námsþáttar.

### Kennslufyrirkomulag

1. **Fjármögnunarkerfi ESB fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki**
  - 1.1. Aðgengi að fjármögnun ESB fyrir ferðaþjónustuna.
  - 1.2. Skref fyrir skref leiðbeiningar hvernig má sækja um styrki og lán frá ESB.
  - 1.3. Að skilja umsóknarferlið, skjöl og tímalínur.
  - 1.4. Dæmi um umsóknir (td skrifa vinningstillögur)
2. **Stofnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ESB: nauðsynleg leyfi, skatta- og lagaumhverfi.**
  - 2.1. Regluverk ESB fyrir ferðaþjónustufyrirtæki (umhverfisstaðlar, heilsa og öryggi).
  - 2.2. GDPR og gagnavernd fyrir ferðaþjónustufyrirtæki.
3. **Stefna um byggðapróun**
  - 3.1. Forgangsverkefni ESB í byggðapróun og fjármögnun.
  - 3.2. Stuðningur við sveitarfélög til að innleiða sjálfbæra starfshætti.
4. **Viðskiptaþróun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í ferðaþjónustu í dreifbýli**
  - 4.1. Stefnumiðuð viðskiptaáætlun
  - 4.2. Þróun viðskiptaáætlunar fyrir ferðaþjónustu á landsbyggðinni: Lykilatriði og sjálfbærniáherslur.
  - 4.3. Markaðsgreining: Að greina tækifæri í sjálfbærri ferðaþjónustu.
5. **Samstarf og tengslanet**
  - 5.1. Byggja upp tengslanet við staðbundin fyrirtæki, sveitarfélög og samtök ferðaþjónustu.
  - 5.2. Samstarf yfir landamæri og svæði.

## Samantekt

Sameiginlegur rammi fyrir starfsþjálfun í ferðaþjónustu í dreifbýli varpar ljósi á núverandi þróun, áskoranir og nauðsynlegar umbætur, byggt á þarfagreiningu í samstarfslöndunum: Ítalíu, Spán, Kýpur, Austurríki, Grikkland og Ísland. Greiningin sýnir fram á þörf fyrir aukna færni í stafrænni markaðssetningu og sjálfbærri ferðaþjónustu. Einnig kom fram að þörf var fyrir auknum aðgangi að sérhæfðri starfsþjálfun og fjármögnun, sérstaklega til að styðja við græn og stafræn umskipti. Ramminn byggir á fyrirmynum um upplifunar- og nærandi ferðamennsku og er hannaður til að mæta færniþörfum í greininni og aðlaga starfsmenntun að efnahagslegum og samfélagslegum þörfum.

Auk þess tekur ramminn mið af lykilstefnum ESB, þar á meðal *Green Deal*, evrópskri landbúnaðarstefnu, evrópska færniramma og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG - sérstaklega nr. 4: Gæði menntunar, SDG 8: Sæmandi vinna og hagvöxtur, SDG 12: Ábyrg neysla og framleiðsla)

EXTOR ramminn fyrir starfsþjálfun inniheldur sex námsþætti (NP), 40 klukkustundir af sjálfsnámi. Námsfnið tekur á nauðsynlegri færni í ferðaþjónustu í dreifbýli, sjálfbærum starfsháttum og lykilmærni eins og stafrænni markaðssetningu og framleiðslu á margmiðlunarefni. Lögð er áhersla á blandað nám til að auka sveigjanleika og bregðast við landfræðilegum hindrunum til að gera nemendum kleift að læra á eigin hraða. Að lokinni tilraunakennslu verður námsefnið betrubætt og birt sem opið menntaefni á EXTOR námsvefnum á sjö tungumálum: ensku, ítölsku, spænsku, grísku, þýsku, íslensku og frönsku.

EXTOR ramminn hefur verið metinn af hagsmunaaðilum, frumkvöðlum í ferðaþjónustu í dreifbýli, fagfólki og VET-fræðsluaðilum sem tóku þátt í viðtölum og rýnihópum á rannsóknarstigi á Ítalíu, Spáni, Kýpur, Austurríki, Grikklandi og Íslandi. Nánar tiltekið fól matið í sér 10 frumkvöðla í ferðaþjónustu í dreifbýli, 10 fagmenn í ferðaþjónustu í dreifbýli og 6 VET-fræðsluaðilum í hverju landi. Athugasemdir og tillögur sem bárust verða felldar inn í þjálfunaráætlunina og prófaðar á tilraunastigi til að auka gildi fyrirhugaðs efnis.

## Heimildir

- European Commission (2020). *Digital Education Action Plan 2021-2027: Resetting education and training for the digital age*. <https://education.ec.europa.eu/focus-topics/digital-education/action-plan>
- European Commission (n.d.). *Overview of EU tourism policy*. [https://single-market-economy.ec.europa.eu/sectors/tourism/policy-overview\\_en](https://single-market-economy.ec.europa.eu/sectors/tourism/policy-overview_en)
- European Commission (n.d.). *Rural Development*. [https://agriculture.ec.europa.eu/common-agricultural-policy/rural-development\\_en](https://agriculture.ec.europa.eu/common-agricultural-policy/rural-development_en)
- European Commission (n.d.). *The European Green Deal*. [https://commission.europa.eu/strategy-and-policy/priorities-2019-2024/european-green-deal\\_en](https://commission.europa.eu/strategy-and-policy/priorities-2019-2024/european-green-deal_en)
- European Commission. (n.d.). *European Skills Agenda*. <https://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=1223>
- Lenzen, M., Sun, Y. Y., Faturay, F., Ting, Y. P., Geschke, A., & Malik, A. (2018). The carbon footprint of global tourism. *Nature Climate Change*, 8(6), 522-528.
- UNWTO (2020). Tourism for SDGs. <https://tourism4sdgs.org/>